

Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi 2019-2023



Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi:.

Skýrsla þessi er unnin með styrk úr þróunarsjóði garðyrkjunnar.

Óheimilt er að afrita skýrsluna á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Reykjavík, Ísland, 2025

Starfshópur:

Sigurður Guðmundsson, verkefnisstjóri

Ívar Ragnarsson

Helgi Jóhannesson

María Svanþrúður Jónsdóttir

Runólfur Sigursveinsson

Efnisyfirlit

	Bls.
1 Inngangur	3
1.1 Um verkefnið.....	3
1.2 Um þátttakendur	3
1.3 Upplýsingar og gögn	4
2 Greining á rekstri framleiðenda rôtargrænmetis (kartöflur, rófur og gulrætur)	5
2.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 1):	5
2.2 Tekjugreining (tafla 2):.....	6
2.3 Breytilegur kostnaður (tafla 3):	6
2.4 Fastur kostnaður (tafla 4):.....	6
2.5 Rekstartölur - greining (tafla 5):.....	7
2.6 Krónur á hektara - greining (tafla 6):.....	7
3 Greining á rekstri hjá ylrættarframleiðendum (tómatar, agúrkur, paprika).....	7
3.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 7):	8
3.2 Tekjugreining (tafla 8):.....	8
3.3 Breytilegur kostnaður (tafla 9):	8
3.4 Fastur kostnaður (tafla 10):.....	9
3.5 Rekstartölur - greining (tafla 11):.....	9
3.6 Krónur á fermetra - greining (tafla 12):.....	9
4 Greining á rekstri (blóm, salat o.fl.)	10
4.1 Rekstartölur (tafla 13):	10
4.2 Krónur á fermetra - greining (tafla 14):.....	10
5 Greining á ylrækt í heild sinni.....	11
5.1 Ylræktin heild – kr./m ² (tafla 15):	11
6 Garðyrkjan í heild – þróun afkomu	12
6.1 Garðyrkjan í heild (tafla 16):	12
7 Samantekt.....	13
8 Niðurstaða og næstu skref.....	13

1 Inngangur

1.1 Um verkefnið

Verkefnið sem þessi skýrsla byggir á er framhald verkefna sem unnin hafa verið af RML á síðustu tveimur árum þar sem leitast var við að varpa ljósi á rekstrarafkomu í garðyrkju á Íslandi á árunum 2019-2022. Nú er bætt við einu ári enn og unnið með árin 2019-2023.

Aflað var upplýsinga frá einstökum framleiðendum garðyrkjuafurða með það að markmiði að átta sig betur á rekstri helstu framleiðslugreina íslenskrar garðyrkju. Unnin var verkefnaáætlun og sótt um fjárhagslegan stuðning til fagráðs garðyrkju sem veitti vilyrði fyrir styrk úr fagfé garðyrkjunnar.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra starfsmanna RML: Sigurður er verkefnisstjóri, Ívar sá um söfnun og greiningu gagna, úrvinnslu í Excel, skýrslugerð o.fl., Helgi, Sigurður og Runólfur komu að gagnasöfnun, samskiptum við framleiðendur, ráðgjöf, yfirlestur o.fl. María Svanþrúður kom að ráðgjöf og yfirlestri.

Áfram var unnið með upplýsingar frá þátttakendum frá fyrra ári ásamt því að auglýst var eftir fleiri þátttakendum og því síðan fylgt eftir með samtali og samskiptum. Almennu voru undirtektir jákvæðar og áhugi framleiðenda töluverður varðandi það að nálgast stöðu greinarinnar sem og það að fá möguleika á því að bera sig saman við heildina.

Í verkefninu er leitast við að ná sem raunhæfastri heildarmynd á garðyrkjuna og allar helstu greinar hennar þ.e. rôtargrænmeti (kartöflur, rófur, gulrætur), ylraekt (tómata, agúrkur, papriku) sem og aðra ræktun (blóm, salat, kryddjurtir ofl.) með það að markmiði að hafa eins góða yfirsýn á garðyrkjuna og kostur er.

Lögð er áhersla á að fá sem best bókhaldsgögn svo hægt sé að greina nánar einstaka rekstrarþætti. Hluti þátttakenda er með hluta af tekjum sínum af annarri starfsemi og var leitast við að skipta rekstrarkostnaði hjá þeim framleiðendum upp svo sem réttust niðurstaða fengist.

1.2 Um þátttakendur

Virkir þátttakendur í verkefninu eru um 30 bú/framleiðendur ásamt því að unnið er með ársreikninga og opinberar tölur frá u.þ.b. 20 framleiðendum til viðbótar þannig að í heildina eru nú gögn frá um 50 aðilum í gagnasafninu. Þessi bú eru mjög breytileg að samsetningu, en af þeim eru um 19 nánast eingöngu í ræktun rôtargrænmetis (kartöflur, gulrófur, gulrætur), 19 í ylraekt (tómatar, agúrkur og paprika) og 12 í öðru (blóm, salat o.fl.).

Þessi mikli breytileiki sem er í frekar litlu gagnasafni gerir það að verkum að tölfræðileg greining á því er nokkuð erfið og vandmeðfarin en hins vegar eru þar ýmsar vísbendingar sem vert er að rýna nánar. Það að vinna nú með gögn frá fimm árum gefur einnig enn meiri möguleika.

Hver virkur þátttakandi í verkefninu fær ákveðna greiningu á sinni stöðu og þróun yfir þessi 5 ár sem um ræðir. Einnig fá þátttakendur að sjá hvernig þeir standa miðað við meðaltal úrtaksins eins og kostur er án þess þó að greinanlegt sé niður á einstaka framleiðendur.

Í skýrslunni eru birtar þær niðurstöður sem þegar hafa fengist úr þessu verkefni. Um er að ræða gögn frá um 18-20 framleiðendum rótargrænmetis sem er það stórt gagnasafn að það gefur ágætari vísbendingar um framleiðslukostnað og afkomu þeirra sem stunda ræktun rótargrænmetis, aðallega kartaflna. Eins erum við nú með gögn frá um 19 ylræktarframleiðendum ef allt er talið og er það mikill meirihluti framleiðenda sem gerir niðurstöður og greiningar mjög marktækar í það minnsta hvað varðar stóru myndina. Síðan eru gögn úr blómarækt og öðru eins og fyrr segir sem einnig eru notuð í ýmsum greiningum.

Í skýrslunni er horft á ákveðna lykilþætti þ.e. Samtölur bús, Tekjur, Breytilegan kostnað, Fastan kostnað, Rekstrartölur og Krónur á flatarmálseiningu og hver liður greindur eftir því sem við á í túlkun og niðurstöðum.

1.3 Upplýsingar og gögn

Þau gögn sem unnið er með í greiningu og skýrslugerð eru fengin með leyfi framleiðenda eftir því sem við á sem og úr opinberum gögnum.

- Gögn fengin úr Jörð.is varðandi hektara í garðrækt, fermetra í gróðurhúsum, uppskeru á kartöflum, gulrófum og gulrótum o.fl.
- Upplýsingar úr Afurð.is varðandi magn uppskeru í ylrækt og beingreiðslur sem og jarðræktar- og landgreiðslustyrki.
- Upplýsingar fengnar úr ársreikningum og skýringum með þeim, landbúnaðarframtölum, bókhaldsgögnum o.fl. í samvinnu við framleiðendur
- Gögn fengin úr ársreikningum fyrirtækja í garðyrkju sem aðgengilegir eru á vef RSK.
- Upplýsingar úr mælaborði landbúnaðarins.
- Upplýsingar úr fasteignaskrá.

Framleiðendur sem eru virkir þátttakendur í verkefninu eru áhugasamir og hefur gengið ágætlega að fá nauðsynleg gögn til að tryggja gæði greininga.

- Möguleiki til samanburðargreininga hjá framleiðendum rótargrænmetis er góður þar sem sá hópur er nokkuð stór og gögn komin frá nánast öllum þátttakendum.
- Ákveðin vandkvæði eru á því að fá upplýsingar um selt magn rótarávaxta þannig að ekki er hægt að mæla rýrnun frá uppskeru til sölu. Unnið er með í greiningum að sú rýrnun sé 20% þangað til fundin verður leið til að fá nákvæmari upplýsingar um selt magn hjá hverjum og einum. Ekkert er samt því til fyrirstöðu þegar kynntar verða niðurstöður fyrir hverjum og einum framleiðanda að nota aðra rýrnunarprósentu ef hún er þekkt hjá viðkomandi.
- Mikill fengur væri í því að til væru aðgengilegar upplýsingar um selt magn af rótarávöxtum sambærilegt og er til staðar í garðyrkjuafurðum sem njóta beingreiðslna og myndi það gera greiningu enn betri og þá ekki síst gagnvart hverjum framleiðanda.

- Nú eins og á síðasta ári er í meira mæli horft á niðurstöður og tölur niður á flatarmálseiningu þ.e. tekjur og kostnaður er reiknaður niður á hektara í útirækt og fermetra í ylraektinni.
- Unnið er sérstaklega með þann hluta ylraektarinnar sem var skoðaður í fyrri verkefnum þ.e. tómata, gúrkur og papriku sem eina heild og ekki gerður greinarmunur á tegundum þar sem framleiðendur eru þetta fáir. Hafa verður það í huga þegar skoðaður er t.d. samanburður á meðalkostnaði á kg.
- Það að vinna greiningu og samanburð í ylraektinni niður á flatarmálseiningu (m²) opnar þann möguleika að horfa á ákveðnar tölur/stærðir og niðurstöður þvert á tegundir. Í skýrslunni er þeim greiningum gerð skil og ylraektin í heild sinni þá undir.
- Í gagnasafninu eru nú gögn frá framleiðendum sem samanlagt njóta u.þ.b. 90% þeirra opinberu stuðningsgreiðslna sem garðyrkjan fær. Það gerir okkur kleift að sýna tölur um heildarþróun greinarinnar yfir þetta árabíl ef horft er á ákveðnar lykiltölur.

2 Greining á rekstri framleiðenda rôtargrænmetis (kartöflur, rófur og gulrætur)

Hér á eftir verður leitast við að skoða niðurstöður í hverjum lið fyrir sig. Horft er á meðaltal hvers árs og síðan breytingu í prósentum á milli árána 2022 og 2023.

2.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 1):

	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Samtölur Bús											
Uppskera samtals skráð í Jörð kg.	384.502	19	366.413	19	295.894	20	340.359	20	375.676	18	10%
Uppskornir hektarar (ha)	19	19	20	19	19	20	19	20	21	18	13%
Uppskera skráð í jörð kg/ha	19.819	19	18.228	19	15.321	20	19.028	20	19.710	18	4%
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	307.601	19	293.130	19	241.526	20	272.287	20	300.541	18	10%
Seldar afurðir kg/ha (kg/m ²)	15.855	19	14.583	19	12.393	20	15.222	20	15.768	18	4%

Þegar rýnt er í helstu tölur varðandi uppskeru þá sést að uppskornir eru að meðaltali um 19 hektarar á hverju búi en hækkar í 21 hektara síðasta árið. Meðaluppskera á bú sveiflast nokkuð milli ára og er minnst árið 2021 en eykst aftur og er í um 376 tonnum árið 2023 þ.e. aukning um 10% milli ára. Meðaluppskera á hektara eykst einnig á milli ára um 4% og er svipuð árið 2023 og 2019. Hluta skýringar á minni uppskeru 2021 er að leita í tjóni vegna myglu en einnig hefur veðurfar áhrif eins og oft er í þessari framleiðslu. Eins og áður hefur komið fram er unnið með tæplega 20% rýrnun frá uppskeru til sölu og alls ekki er víst að það sé raunin hjá öllum framleiðendum en þegar heildin er skoðuð og þróun heilt yfir ætti það ekki að koma að sök.

2.2 Tekjugreining (tafla 2):

Tekjur	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Afurðatekjur alls	40.766.871	19	46.567.039	19	42.100.993	20	46.807.074	20	62.287.260	18	33%
Afurðatekjur kr/kg seld	163	19	170	19	206	20	197	20	237	18	20%
Seldar afurðir kr/ha (kr/m ²)	2.259.395	19	2.402.888	19	2.460.673	20	3.209.031	20	4.179.553	18	30%
Opinberar greiðslur alls	1.122.540	16	2.724.614	18	2.847.843	20	6.090.225	20	3.189.698	18	-48%
Opinberar greiðslur, kr/kg	3,1	16	9,7	18	15,1	20	26,8	20	10,5	18	-61%
Aðrar tekjur alls	4.469.612	15	2.065.644	15	2.372.185	12	5.052.540	12	3.785.845	13	-25%
Samtals heildartekjur, kr.	45.240.808	19	50.761.628	19	46.377.077	20	55.920.598	20	68.214.958	18	22%

Afurðatekjur alls hækka töluvert á þessu 5 ára tímabili og milli árána 2022 og 2023 um 33% og afurðatekjur mælt í kr./kg. hækka um 20% milli þessara sömu ára. Ef horft er á afurðatekjur í kr. á uppskorinn hektara þá eru þær nokkuð jafnar fyrstu 3 árin en hækka mikið seinni 2 árin og á milli 2022 og 2023 um 30%. Opinberar greiðslur hækka mikið 2022 og eru að meðaltali um 6 milljónir kr. á framleiðanda það ár á móti rúmlega 1 milljón kr. árið 2019 og skýrist það af breyttum áherslum í stuðningi við garðyrkju sem m.a. fólst í mikilli hækkun á jarðræktargreiðslum (breyttum úthlutunarreglum) og svo „sprettgreiðslum“ árið 2022. Stuðningurinn lækkar síðan aftur 2023 þar sem ekki er um sprettgreiðslur að ræða.

2.3 Breytilegur kostnaður (tafla 3):

Breytilegur kostnaður	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Áburður og sáðvörur, kr/kg	19,8	19	24,5	19	40,6	20	69,0	19	64,9	18	-6%
Áburður, kr/kg	9,5	17	8,6	16	17,7	13	18,4	11	17,8	10	-3%
Rekstur búvéla, kr/kg	16,0	17	10,7	17	13,3	15	8,7	14	10,1	13	16%
Rekstrarvörur, kr/kg	10,2	16	11,9	16	12,1	14	13,4	13	17,7	15	32%
Aðkeypt þjónusta (söluk, flutn o.fl), kr/kg	18,0	17	23,2	17	37,1	15	20,9	15	25,6	14	22%
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	58,8	19	64,9	19	86,8	20	96,0	20	106,9	18	11%
Breytilegur kostnaður alls	13.432.070	19	16.094.886	19	16.365.023	20	20.569.949	20	25.509.234	18	24%

Í 3. töflu kemur fram greining á breytilegum kostnaði á einingu eftir árum. Breytilegur kostnaður alls í kr./kg. lækkar töluvert á þessum árum og um 11% á milli 2022 og 2023. Áburður og sáðvörur lækka aðeins milli 2022 og 2023 mælt í kr./kg. eftir mikla hækkun 2022. Töluverð hækkun er síðan á öðrum liðum milli 2022 og 2023.

Hér er breytileikinn hjá þátttökubúum nokkuð mikill en meðaltalið segir samt sína sögu.

2.4 Fastur kostnaður (tafla 4):

Fastur kostnaður	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Tryggingar, kr/kg	2,5	15	2,8	16	4,2	12	2,3	9	2,7	10	21%
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	7,8	12	8,8	10	15,6	6	4,9	11	3,3	8	-31%
Viðhald eigna, kr/kg	13,0	16	4,5	15	11,3	12	4,0	11	5,0	11	25%
Skrifstofukostnaður kr/kg	2,3	13	2,3	13	1,6	10	1,6	11	1,7	9	10%
Annar rekstrarkostnaður, kr/kg	9,4	17	13,9	18	18,9	18	16,2	17	21,1	17	30%
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	39,9	18	45,5	18	52,6	18	51,5	17	52,3	17	2%
Fastur kostnaður samt. Kr/kg	80,6	19	88,0	19	117,9	20	107,5	20	107,7	17	0%
Fastur kostnaður samt.	21.722.023	19	25.178.458	19	25.087.215	20	27.079.496	20	31.648.742	17	17%

Fastur kostnaður samtals lækkar nokkuð en er óbreyttur í kr./kg. á milli árána 2022 og 2023. Tryggingar, viðhald og annar rekstrarkostnaður lækkar, rafmagn og vatn lækkar en laun breytast lítið. Erfitt er að leggja út af þessum tölum þar sem nokkuð er mismunandi hvernig bókhald er sundurgreint.

2.5 Rekstrartölur - greining (tafla 5):

Rekstrartölur	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'23/'22
Framlegð afurðatekna, kr/kg	104	19	105	19	119	20	101	20	131	18	29%
Framlegðarstig afurðatekna	63%	19	62%	19	57%	20	50%	20	56%	18	11%
Framlegð heildartekna, kr.	31.808.738	19	34.666.742	19	30.012.055	20	35.350.649	20	42.705.724	18	21%
Framlegðarstig heildartekna	67%	19	65%	19	62%	20	59%	20	62%	18	5%
EBIDTA samtals, kr.	14.727.547	19	15.372.167	19	11.448.996	20	16.534.724	20	20.385.721	18	23%
EBIDTA, hlutfall af veltu	32%	19	30%	19	27%	20	29%	20	32%	18	9%
Hagnaður/taþ, kr.	8.875.460	19	8.296.311	19	3.767.324	20	6.452.496	20	10.534.774	18	63%

Í 5. töflu er um að ræða samantekt á rekstrartölum og í stuttu máli má segja að þróunin sé frekar jákvæð milli árána 2022 og 2023 á öllum mælikvörðum. Framlegð og framlegðarstig afurðatekna hækkar sem og EBIDTA. Hagnaður eykst töluvert milli 2022 og 2023 eða um 63%. Meðalhagnaður er um 10,5 millj. á hvern framleiðanda sem er sá hæsti á þessu 5 ára tímabili. Árið 2023 var því að meðaltali gott hjá framleiðendum rótargrænmetis.

2.6 Krónur á hektara - greining (tafla 6):

Krónur á flatarmáseiningu	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	'23/'22
Afurðatekjur kr/ha	2.259.395	19	2.402.888	19	2.460.673	20	3.209.031	20	4.179.553	18	30%
Framlegð afurðatekna, kr/ha	1.456.169	19	1.468.563	19	1.481.940	20	1.640.909	20	2.083.457	18	27%
Opinberar greiðslur, kr/ha	51.867	16	139.912	18	172.286	20	442.395	20	152.070	18	-66%
Áburður og sáðvörur, kr/ha	279.628	19	345.531	19	464.464	20	1.182.448	19	1.507.136	18	27%
Þjónusta (sölukostn, flutn o.fl) kr/ha	252.444	17	347.170	17	403.638	15	312.866	15	384.336	14	23%
Breytilegur kostnaður alls kr/ha	803.227	19	934.325	19	978.732	20	1.568.122	20	2.100.744	18	34%
Laun og launatengd gjöld Kr/ha	625.403	18	628.448	18	683.439	18	765.262	17	768.962	17	0%
Fastur kostnaður samt. Kr/ha	1.170.621	19	1.237.066	19	1.470.100	20	1.772.057	20	1.633.680	17	-8%
EBIDTA samtals kr/ha	786.021	19	712.413	19	734.450	20	1.248.990	20	1.328.384	18	6%
Fjármagnsliðir Kr/ha	70.825	19	62.321	19	62.774	20	130.399	20	254.034	18	95%

Í 6. töflu er um að ræða samantekt á rekstrartölum reiknaðar niður á hektara sem er góð leið til að horfa á þróunina milli ára. Ekki síst þegar haft er í huga að meðaltalsfjöldi hektara á bú er nánast sá sami öll árin. Framlegð afurðatekna hækkar lítið framan af tímabilinu en töluvert mikið milli árána 2022 og 2023 eða um 30%. Árið 2023 lækka opinberar greiðslur mikið þar sem ekki erum að ræða sprettgreiðslur. Hvað framleiðslukostnaðinn varðar þá er nokkur hækkun í breytilegum kostnaði en lækkun í föstum kostnaði. Laun standa í stað en fjármagnsliðir hækka árið 2023. Afkoma búgreinarinnar er í heild sinni jákvæð árið 2023.

3 Greining á rekstri hjá ylræktarframleiðendum (tómatar, agúrkur, paprika)

Hér á eftir verður leitast við að skoða niðurstöður í hverjum lið fyrir sig á sama hátt og í rótargrænmetinu. Þar sem ekki náðist að hafa magntölur fyrir árið 2019 nægilega góðar þá er horft til þróunar 4ja ára við skoðun í krónum á kíló (kr./kg.) Horft er á meðaltal hvers árs og síðan breytingu í prósentum á milli árána 2022 og 2023. Rétt er að taka fram að breytileiki er töluvert milli búa þannig að meðaltalstölur eru í sumum tilfellum nokkuð langt frá rauntölum einstakra framleiðenda. Það hamlar þó ekki því að nota þær til að skoða þróun og breytingar á heildina lítið.

3.1 Samtölur – uppskera og sala (tafla 7):

	2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Samtölur Bús									
Seldar garðyrkjuafurðir samtals kg.	165.305	18	188.127	19	191.260	19	191.598	19	0%
Ylrækt m ² - undir ræktun	3.474	18	3.762	19	3.679	20	3.749	19	2%
Seldar afurðir kg/ha (kg/m ²)	42	18	41	19	41	19	47	19	15%

Meðalframleiðsla/sala stendur í stað milli árunna 2022 og 2023 en magn seldra afurða á hvern fermetra eykst nokkuð eða um 15%.

3.2 Tekjугreining (tafla 8):

	2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Tekjur									
Afurðatekjur alls	93.794.000	18	109.259.954	19	121.548.277	19	134.023.819	19	10%
Afurðatekjur kr/kg seld	995	18	953	19	963	19	955	19	-1%
Seldar afurðir kr/ha (kr/m ²)	26.275	18	28.052	19	29.481	19	35.390	19	20%
Opinberar greiðslur alls	15.314.678	18	26.395.834	19	31.448.148	19	37.645.082	19	20%
Opinberar greiðslur, kr/kg	151,1	18	181,9	19	253,5	19	237,9	19	-6%
Aðrar tekjur alls	25.484.102	14	32.626.434	13	58.459.186	14	79.285.776	12	36%
Samtals heildartekjur, kr.	128.929.646	18	157.979.137	19	195.314.873	19	221.744.128	19	14%

Afurðatekjur alls hækka um 10% á milli árunna 2022 og 2023 en afurðatekjur kr./kg. lækka um 1%. Opinberar greiðslur hækka um 20% milli ára og eru þær að meðaltali um 37,6 milljónir kr. á framleiðanda árið 2023 á móti rúmlega 15 milljónum kr. árið 2020 og skýrist það af breyttri aðferðarfræði varðandi niðurgreiðslu á flutningi og dreifingu raforku sem nú er í formi beingreiðslna til framleiðenda, en áður var niðurgreiðslan reiknuð til frádráttar á reikningum. Opinberar greiðslur sem kr./kg. lækka um 6% milli árið 2022 og 2023. Aðrar tekjur hækka mikið eða um 36% milli árunna 2022 og 2023 sem skýrist mest af því að ferðaþjónusta, sem er töluverður tekjupóstur hjá hluta framleiðenda. Heildartekjur hækka að meðaltali um 14% á milli árunna 2022 og 2023.

3.3 Breytilegur kostnaður (tafla 9):

	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Breytilegur kostnaður											
Áburður og sáðvörur, kr/kg	79,3	10	337,2	18	412,1	19	412,7	19	360,4	19	-13%
Áburður, kr/kg	29,1	6	39,8	9	35,7	8	43,4	9	56,2	8	30%
Rekstur búvéla, kr/kg	11,6	8	10,5	10	11,0	10	10,0	9	16,8	9	68%
Rekstrarvörur, kr/kg	43,7	10	105,2	13	100,4	12	152,9	11	132,7	12	-13%
Aðkeypt þjónusta (söluk, flutn o.fl), kr/kg	89,2	9	97,5	11	97,4	11	91,9	10	113,8	11	24%
Breytilegur kostnaður alls, kr/kg seld	212,5	10	478,7	18	537,7	19	554,4	19	518,1	19	-7%
Breytilegur kostnaður alls	40.984.016	18	40.862.058	18	55.373.623	19	65.394.495	19	73.463.248	19	12%

Í 9. töflu kemur fram greining á breytilegum kostnaði á einingu eftir árum. Breytilegur kostnaður alls í kr./kg. lækkar um 7% á milli árunna 2022 og 2023 sem er jákvætt. Áburður og sáðvörur lækka um 13% milli árunna 2022 og 2023 en áburðurinn hækkar um 30% hjá þeim 8 aðilum sem bóka áburð sérstaklega. Nokkur lækkun er síðan á rekstrarvörum á milli ára en hækkan á rekstri búvéla og aðkeyptri þjónustu.

Hér er breytileikinn hjá þáttökubúum nokkur og einnig mismunandi milli framleiðenda hvernig einstakir kostnaðarliðir eru bókaðir en meðaltalið segir samt sína sögu.

3.4 Fastur kostnaður (tafla 10):

	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Fastur kostnaður											
Tryggingar, kr/kg	5,5	8	6,4	9	9,6	9	6,4	9	8,4	9	31%
Rafmagn og heitt vatn, kr/kg	92,6	9	110,4	11	156,8	11	157,8	11	193,7	10	23%
Viðhald eigna, kr/kg	10,5	7	24,1	8	12,1	8	8,9	8	15,3	8	73%
Skrifstofukostnaður kr/kg	7,0	8	7,5	10	9,0	10	8,3	9	14,3	9	73%
Annar rekstrarkostnaður, kr/ kg	50,4	10	141,5	17	109,4	17	184,3	17	246,7	17	34%
Laun og launatengd gjöld, kr/kg	254,8	10	483,2	18	493,5	18	640,8	18	514,2	18	-20%
Fastur kostnaður samt. Kr/kg	426,5	10	752,4	18	726,0	19	912,4	19	858,7	19	-6%
Fastur kostnaður samt.	84.266.192	18	84.879.496	18	93.458.385	19	109.079.564	19	129.375.023	19	19%

Fastur kostnaður samtals í kr./kg. lækkar heldur á milli árána 2022 og 2023 eða um 6%. Skýrist það fyrst og fremst með mikilli lækkun á launakostnaði. Hækkun er á öllum öðrum liðum og munar mest um hækkun á rafmagni og heitu vatni annarsvegar og öðrum rekstrarkostnaði hins vegar.

3.5 Rekstrartölur - greining (tafla 11):

	2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Rekstrartölur									
Framlegð afurðatekna, kr/kg	524	18	425	19	422	19	450	19	7%
Framlegðarstig afurðatekna	53%	18	46%	19	43%	19	45%	19	5%
Framlegð heildartekna, kr.	88.067.587	18	102.605.514	19	129.920.377	19	148.280.880	19	14%
Framlegðarstig heildartekna	67%	18	60%	19	63%	19	61%	19	-3%
EBIDTA samtals, kr.	9.474.732	18	15.160.302	19	27.300.460	19	23.966.553	19	-12%
EBIDTA, hlutfall af veltu	10%	18	7%	19	13%	19	9%	19	-33%
Hagnaður/tap, kr.	639.881	18	5.685.259	19	16.450.397	19	13.295.812	19	-19%

Í 11. töflu er um að ræða samantekt á rekstrartölum. Á milli árána 2022 og 2023 er breytingin í grófum dráttum sú að framlegð og framlegðarstig afurðatekna sem og framlegð heildartekna hækkar. En EBITDA samtals sem og EBITDA hlutfall lækkar. Einnig lækkar meðaltalshagnaður töluvert eða um 19%. Erfitt er að leggja of mikið út af þessum tölum en þó er ljóst að árið 2023 kom að meðaltali verr út en árið 2022. Mikill munur er þó á milli framleiðenda hvað varðar afkomu.

3.6 Krónur á fermetra - greining (tafla 12):

	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Krónur á flatarmálseiningu											
Afurðatekjur kr/m ²	25.333	18	26.275	18	28.052	19	29.481	19	35.390	19	20%
Framlegð afurðatekna, kr/m ²	14.653	18	15.511	18	14.335	19	14.437	19	17.592	19	22%
Opinberar greiðslur, kr/m ²	4.355	17	4.148	18	6.167	19	7.550	19	9.377	19	24%
Áburður og sáðvörur, kr/m ²	5.621	18	5.771	18	8.877	19	9.737	19	11.008	19	13%
Þjónusta (sölukostn, flutn o.fl) kr/m ²	3.727	11	3.832	11	3.601	11	3.862	10	5.009	11	30%
Breytilegur kostnaður alls kr/m ²	10.842	18	10.924	18	13.911	19	15.296	19	18.085	19	18%
Laun og launatengd gjöld Kr/m ²	13.505	18	12.794	18	14.090	18	16.922	18	19.327	18	14%
Fastur kostnaður samt. Kr/m ²	22.635	18	23.011	18	23.382	19	27.210	19	33.815	19	24%
EBITDA samtals kr/m ²	4.473	18	3.258	18	3.701	19	7.570	19	5.491	19	-27%
Fjármagnsliðir Kr/m ²	1.025	17	854	17	1.061	18	1.539	19	1.429	19	-7%

Í 12. töflu er um að ræða samantekt á rekstrartölum reiknaðar niður á fermetra í gróðurhúsum sem er góð leið til að horfa á þróunina milli ára. Hér er mögulegt að vera með 5 ár undir þar sem ekki er verið að vinna með magn.

Eins og sést í töflunni þá eru 18-19 framleiðendur bak við meðaltalið á m² í hverjum þætti tekna og kostnaðar þannig að við erum að fá mjög góða yfirsýn yfir þróun þessi 5 ár.

EBITDA á hvern fermetra hækkar töluvert og mest árið 2022 en lækkar svo aftur 2023 eða um 27% á milli ára sem verður að teljast umtalsvert og stemmir við lakari afkomu.

Hreinar afurðatekjur, framlegð sem og opinberar greiðslur hækka ár frá ári og milli árunna 2022 og 2023 er hækkunin 20% eða meira.

Kostnaðarliðir hækka allir á milli árunna 2022 og 2023 að fjármagnsliðum frátöldum sem lækka um 7%.

EBIDTA lækkar töluvert milli árunna 2022 og 2023 horfandi á kr./m² sem stemmir við að afkoma að meðaltali versnar heldur milli þeirra ára.

4 Greining á rekstri (blóm, salat o.fl.)

Hér er horft á meðaltalstölur úr rekstri þeirra 11 framleiðenda í ylraekt sem framleiða annað en tómata, agúrkur og papriku þ.e. blóm salat o.fl. Ekki er farið í djúpa greiningu og ekki mögulegt að skoða þætti niður á kr./kg vegna eðlis framleiðslunnar en þó er fróðlegt að skoða ákveðna hluti og síðan er greining niður á fermetra vel möguleg og upplýsandi.

4.1 Rekstrartölur (tafla 13):

Rekstrartölur	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Framlegðarstig afurðatekna	63%	9	41%	10	52%	11	60%	11	66%	11	10%
Framlegð heildartekna, kr.	128.214.208	9	105.319.484	11	142.461.000	11	156.435.279	11	200.774.448	11	28%
Framlegðarstig heildartekna	64%	9	56%	11	59%	11	65%	11	70%	11	8%
EBIDTA samtals, kr.	14.104.069	9	7.345.304	11	21.722.143	11	19.319.094	11	29.767.944	11	54%
Hagnaður/tap, kr.	4.741.424	9	-1.742.423	11	11.004.037	11	8.135.497	11	16.631.673	11	104%

Þessar rekstrartölur bera með sér að töluverðar sveiflur hafa verið og nokkuð ljóst að covid-19 hefur haft mikil áhrif á afkomu ársins 2020 en strax árið eftir verður töluverður viðsnúningur. Framlegðarstig afurðatekna lækkaði mikið árið 2020 en styrkist svo aftur og hækkar nú á milli árunna 2022 og 2023 um 10%. Meðalhagnaður eykst um 104% milli árunna 2022 og 2023 sem sýnir að afkoman hefur verið með allra besta móti.

4.2 Krónur á fermetra - greining (tafla 14):

Krónur á flatarmáseiningu	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Afurðatekjur kr/m ²	37.748	9	37.750	10	41.077	11	43.215	11	52.769	10	22%
Framlegð afurðatekna, kr/m ²	24.695	9	22.492	10	24.766	11	26.991	11	34.787	10	29%
Opinberar greiðslur, kr/m ²	193	1	1.409	4	2.170	10	3.430	11	4.573	10	33%
Áburður og sáðvörur, kr/m ²	10.958	9	13.327	10	13.849	11	13.296	11	17.122	10	29%
Breyfilegur kostnaður alls kr/m ²	13.053	9	15.257	10	16.311	11	16.223	11	17.982	10	11%
Laun og launatengd gjöld Kr/m ²	14.336	8	14.613	8	14.226	9	16.070	10	18.943	10	18%
Fastur kostnaður samt. Kr/m ²	23.963	9	24.704	9	23.684	11	27.971	11	36.985	10	32%
EBITDA samtals kr/m ²	1.800	9	1.871	10	4.482	11	4.105	11	4.684	10	14%
Fjármagnsliðir Kr/m ²	673	9	654	10	599	11	653	11	1.250	10	91%

Í 14. töflu eru ýmsar stærðir í rekstrinum hjá þessum hópi framleiðenda skoðaðar niður á fermetra með sama hætti og í annarri ylraekt sem er mjög upplýsandi nálgun og segir margt um þróunina á þessum 5 árum.

Eins og sést í töflunni þá eru 10-11 framleiðendur bak við meðaltalið á m² í flestum þáttum tekna og kostnaðar þannig að við erum að sjá nokkuð góða mælingu á þróun yfir þessi 5 ár.

EBITDA á hvern fermetra hækkar töluvert ár frá ári og nú síðast um 14%. Afurðatekjur hækka heldur á tímabilinu og framlegð afurðatekna einnig.

Opinberar greiðslur í kr./m² koma inn árið 2021 vegna breytinga á beingreiðslum og rafmagnskostnaður hækkar á móti.

Breytilegur kostnaður hækkar nokkuð á tímabilinu en þó ekki nema um 11% milli árána 2022 og 2023. Fastur kostnaður er frekar stöðugur fyrstu 4 árin en hækkar töluvert síðasta árið eða um 32%. Laun hækka um 18% milli 2022 og 2023 sem er heldur meira en launaþróun í landinu.

Fjármagnskostnaður hækkar mikið í kr./m² milli árána 2022 og 2023 en er þó ekki stór kostnaðarliður í þessu samhengi.

5 Greining á ylrækt í heild sinni

Hér á eftir er ylræktin skoðuð í heild sinni þvert á tegundir framleiðslu. Til þess að þetta sé eins samanburðarhæft og kostur er þá eru tekju- og kostnaðarliðir greindir niður á fermetra í gróðurhúsum með sama hætti og í greiningum hér á undan.

Þessi greining nær yfir þá 19 framleiðendur sem fjallað er um í ylræktarkafnanum og 11 til viðbótar sem flestir eru í blómarækt en einnig salati, kryddjurtum o.fl.

Fjöldi framleiðenda í hverri grein/tegund er ekki það mikill að verjandi sé að sýna hverja framleiðslutegund í samanburði við hinar. Aftur á móti þá munu virkir þátttakendur í verkefninu fá hver sína skýrslu sem sýnir m.a. samanburð við aðra í ylræktinni greint niður á fermetra og geta út frá því metið stöðuna nánar.

5.1 Ylræktin heild – kr./m² (tafla 15):

Krónur á flatarmáseiningu	2019		2020		2021		2022		2023		Breyting '23/'22
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Afurðatekjur kr/m ²	29.471	27	30.373	28	32.828	30	34.408	31	41.454	30	20%
Framlegð afurðatekna, kr/m ²	18.000	27	18.005	28	18.160	30	18.705	31	23.288	30	25%
Opinberar greiðslur, kr/m ²	4.124	18	3.650	22	4.788	29	6.051	31	7.527	30	24%
Áburður og sáðvörur, kr/kr/m ²	7.400	27	8.469	28	10.700	30	11.326	31	13.477	30	19%
Breytilegur kostnaður alls kr/m ²	11.579	27	12.472	28	14.791	30	15.857	31	18.348	30	16%
Laun og launatengd gjöld Kr/m ²	13.761	26	13.354	26	14.135	27	16.345	29	18.838	29	15%
Fastur kostnaður samt. Kr/m ²	23.078	27	23.575	27	23.493	30	27.016	31	34.192	30	27%
EBITDA samtals kr/m ²	3.582	27	2.762	28	3.988	30	6.250	31	5.285	30	-15%
Fjármagnsliðir Kr/m ²	903	26	780	27	886	29	1.295	31	1.532	30	18%

Nokkuð er mismunandi hvað mörg bú standa undir meðaltalinu á m² í hverjum þætti tekna og kostnaðar. Það breytir þó ekki því að fróðlegt er að skoða þetta með þessu móti óháð tegundum og magni. Þessi nálgun kemst næst því að horfa á ylræktina alla út frá sömu forsendum.

EBITDA á hvern fermetra hækkaði nokkuð mikið árið 2022 en lækkar síðan töluvert aftur 2023 eða um 15% og munar þar mest um hækkun á föstum kostnaði.

Hreinar afurðatekjur sem og framlegð afurðatekna hækka nokkuð milli 2022 og 2023 sem dugar þó ekki til að mæta hækkunum á föstum kostnaði, launum og fjármagnskostnaði.

EBITDA lækkar um 15% milli árána 2022 og 2023 sem staðfestir heldur lakari afkomu að meðaltali.

6 Garðyrkjan í heild – þróun afkomu

Í þessum kafla er skoðuð garðyrkjan í heild sinni þ.e. öll þau 50 bú sem eru í gagnasafninu óháð því hvaða framleiðslu þau stunda. Hér er því um að ræða samtals tölur úr ársuppgjörum u.þ.b. 50 framleiðenda þessi 5 ár. Þessir framleiðendur njóta um 90 % allra stuðningsgreiðslna í garðyrkju árin 2022 og 2023 þannig að um mjög stóran hluta greinarinnar er að ræða og tölurnar því marktækar eftir því.

6.1 Garðyrkjan í heild (tafla 16):

Greining á afkomu landbúnaðar 2019-2023

Ylrækt / Útiræktun grænmetis

Upphæðir (kr.)

	2019	2020	2021	2022	2023	Br.22-23
Afurðatekjur	4.460.323.246	4.801.074.584	5.573.909.160	6.125.013.902	7.174.453.099	17,1%
Opinberar greiðslur	287.287.938	352.256.713	658.861.243	884.301.171	976.807.300	10,5%
Aðrar tekjur	607.127.965	387.340.515	474.265.931	889.749.260	1.040.361.423	16,9%
Tekjur alls	5.354.739.149	5.540.671.812	6.707.036.334	7.899.064.333	9.191.621.822	16,4%
Breytilegur kostnaður	1.565.233.589	1.769.505.176	2.226.975.378	2.600.127.863	2.917.667.670	12,2%
Fastur kostnaður	1.166.960.241	1.252.802.905	1.557.258.349	1.696.665.816	2.084.336.315	22,8%
Laun og launatengd gjöld	1.868.623.202	1.890.954.489	2.103.167.471	2.478.698.246	2.928.280.776	18,1%
Afskriftir	247.401.493	311.951.084	352.437.445	390.086.133	348.063.612	-10,8%
Fjármagnsliðir	111.012.812	110.932.942	126.493.517	171.935.451	225.373.042	31,1%
Gjöld alls	4.959.231.337	5.336.146.595	6.366.332.160	7.337.513.508	8.503.721.415	15,9%
Hagnaður/Tap	395.507.812	204.525.217	340.704.174	561.550.825	687.900.407	22,5%
Langtímaskuldir	1.291.710.792	1.456.427.588	1.782.823.995	2.028.546.588	1.881.982.560	-7,2%
Skammtímaskuldir	1.087.687.567	1.682.406.946	1.480.651.680	1.579.373.764	1.483.376.853	-6,1%
Heildarskuldir	2.379.398.359	3.138.834.534	3.263.475.675	3.607.920.352	3.365.359.413	-6,7%
Skuldahlutfall af veltu	44,4%	56,7%	48,7%	45,7%	36,6%	-19,8%
Hlutfall fjármagnskostnaðar af heildarveltu	2,1%	2,0%	1,9%	2,2%	2,5%	12,6%
Hagnaður % af veltu	7,4%	3,7%	5,1%	7,1%	7,5%	5,3%

Afurðatekjur hækka jafnt og þétt á þessu árabili og á milli árunna 2022 og 2023 um rúm 17%.

Opinberar greiðslur hækka mikið á tímabilinu en hafa ber í huga að niðurgreiðsla á raforku færast í beingreiðslur sem skýrir hækkun en kostnaður hækkar samsvarandi á móti. Eins hækka jarðræktargreiðslur í garðyrkju með breyttum reglum ásamt því að sprettgreiðslur ársins 2022 birtast í tölunum það ár. Hækkun milli árunna 2022 og 2023 er 10,5%.

Aðrar tekjur sem í þessum geira eru að langmestu leiti af ferðaþjónustu, lækka nokkuð á covid árunum en hækka aftur árið 2022 og áfram árið 2023.

Breytilegur og fastur kostnaður hækkar nokkuð milli 2022 og 2023. Laun hækka um rúm 18% 2023 miðað við fyrra ár. Afskriftir lækka en fjármagnskostnaður hækkar mikið 2023.

Heildarskuldir lækka 2023 sem og skuldahlutfall sem er 36,6% það ár og hefur ekki verið lægra þessi 5 ár sem um ræðir.

Hagnaður sem hlutfall af veltu lækkar nokkuð á covid árunum en er síðan kominn í 7,5 % árið 2023 sem er það hæsta á þessu 5 ára tímabili.

Heilt yfir má því segja að árið 2023 hafi verið nokkuð gott í garðyrkjunni samanborið við síðustu ár.

Ákveðnar vísbendingar eru um að árið 2024 gæti komið verr út rekstrarlega m.a. vegna hækkandi orkuverðs sem hefur áhrif í ylræktinni og veðurtjóna á uppskeru í jarðræktinni. Varðandi jarðræktina verður ætíð að horfa til þess að uppskerubrestur hefur ekki síður áhrif á afkomu árið eftir þar sem hluti sölnunnar kemur til eftir áramót.

7 Samantekt

Þó hér sé verið að fjalla um og vinna með gagnasafn sem inniheldur stóran hluta garðyrkjunnar er rétt að hafa þann fyrirvara að töluverður eðlismunur er á rekstri hvort um er að ræða ylrækt eða ræktun rótargrænmetis. Samt eru ákveðnir þættir sem rétt er að nefna almennt um árið 2023.

- Afkoma er heldur lakari að meðaltali í ylræktinni (tómatar, gúrkur paprika) en betri í rótargrænmeti, sem skýrist m.a. af meiri uppskeru árið 2023.
- Breytilegur og fastur kostnaður sem kr./kg hækkar.
- Afurðatekjur hækka umfram breytilegan kostnað.
- Framlegð afurðatekna hækkar almennt í greininni allri 2023.
- EBITDA sem hlutfall af veltu hækkar hjá kartöflubændum en lækkar í ylræktinni.
- Afkoma batnar heldur í kartöfluræktinni 2023 þrátt fyrir að ekki sé um sprettgreiðslur að ræða.
- Afkoma í ylræktinni (tómatar, gúrkur, paprika) er heldur lakari hjá þeim búum sem mynda það meðaltal sem unnið er með. Meðaltal segir þó ekki alla sögu þar sem breiddin er mjög mikil.
- Ekki er farið í djúpa greiningu á annarri tegund ylræktar þ.e. blóm, salat o.fl. en þó ljóst að þessi 5 ár sem um ræðir hafa einkennst af miklum sveiflum. Afkoman árið 2023 er góð að meðaltali og batnar milli ára öfugt við aðra ylrækt.
- Framlegð afurðatekna á flatarmálseiningu (m²) í ylræktinni í heild stendur nánast í stað fyrstu 4 árin en eykst umtalsvert 2023.
- Garðyrkjan í heild sinni skilar heldur betri niðurstöðu árið 2023 en hin 4 árin.

8 Niðurstaða og næstu skref

- Verkefni sem þetta er mjög mikilvægt fyrir greinina og afar jákvætt að mögulegt var að vinna áfram með gagnagrunninn í svipaðri stærð. Ákveðið hefur verið að halda áfram á sömu braut og vonandi verður þetta hér eftir eitt af þeim verkefnum sem stöðugt eru í vinnslu. Það nýtist bæði sem stjórnþæki fyrir framleiðendur sem og upplýsingabanki um stöðu greinarinnar.
- Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun í greininni vegna mikilvægis hennar í matvælaframleiðslu og matvælaöryggi þjóðarinnar sem og vegna markaðrar stefnu og aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftlagsmálum.
- Með gagnasafni af þessari stærð er hægt að skoða þróun í garðyrkjunni nokkuð vel.

- Á síðasta ári var verkefnið útvíkkað að ákveðnu leiti og aðgengileg opinber gögn s.s. ársreikningar o.fl. tekin með inn í myndina þó svo að ekki væru allir framleiðendur formlegir þátttakendur. Með þessu hefur fengist mun betri grunnur undir greiningar og síðan er ekkert því til fyrirstöðu í framhaldinu að fleiri framleiðendur garðyrkjuafurða en nú er geti með virkri þátttöku fengið dýpri samanburðargreiningar.

Verkefnishópurinn telur mikilvægt að fylgja þessu verkefni eftir, fjölga virkum þátttakendum og þróa áfram aðferðarfræði og úrvinnslu.